

Fimmtudaginn 4. maí 1995.

Nr. 105/1995.

Ákærvaldið(Björn Helgason saksóknari)
gegn**Bjarna Leifi Péturssyni**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Líkamsárás. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða frá 14. sama mánaðar um áfrýjun, en einnig var héraðsdómi áfrýjað af hálfu ákærvalds. Með bréfi til ríkissaksóknara 19. apríl 1995 lýsti verjandi ákærða yfir, að ákærði óskaði eftir að draga til baka áfrýjun sína. Því svaraði ríkissaksóknari samdægurs á þann veg, að áfrýjunin yrði ekki látin falla niður, nema ákærði samþykkti að greiða áfallinn kostnað vegna hennar og verjandi gerði ekki kröfu um greiðslu þóknunar vegna beiðni um niðurfellingu áfrýjunar. Af hálfu ákærða var ekki fallist á þessi skilyrði, og hefur málið því ekki verið felld niður fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds var við áfrýjun krafist þyngingar á refsingu ákærða, en í greinargerð af þess hálfu 25. apríl 1995 var krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærða yrði gert að greiða allan áfrýjunarkostnað.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjunarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

Eins og mál þetta liggur nú fyrir, krefjast báðir aðilar staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Með skírskotun til forsendna hans verður sú krafa tekin til greina.

Af hálfu ákærvalds var héraðsdómi áfrýjað til þyngingar í kjölfar áfrýjunar ákærða, og ekki var fallið frá kröfu um þyngingu refsingar fyrr en eftir, að ákærði hafði dregið til baka áfrýjun að sínu leyti. Þegar það er virt og með vísan til dóms Hæstaréttar, sem

kveðinn var upp 10. mars 1994 í máli nr. 495/1993, verður ekki hjá því komist að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 1995.

Ár 1995, mánudaginn 20. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 813/1994: Ákærvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni, sem tekið var til dóms 14. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. nóvember sl., á hendur ákærða, Bjarna Leifi Péturssyni, Snorrabraut 35, Reykjavík, fæddum 15. júní 1958, fæðingarnúmer 241, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík á árinu 1994:

A. Líkamsárás.

Ákærða er gefið að sök að hafa í kjallarafbúð hússins nr. 8 a við Þingholtsstræti aðfaranótt þriðjudagsins 14. júní stungið Bjarna Sigurðsson, kt. 180661-2129, í hálsinn með glerflösku, sem ákærði hafði áður brotið í því skyni, með þeim afleiðingum, að Bjarni hlaut 4 - 5 cm djúpan skurð vinstra megin á háls.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

B. Þjófnaður.

I. Ákærða er gefið að sök að hafa þriðjudaginn 26. júlí stolið sjónvarpi og örbylgjuofni í mb. Snarfara, sem lá við Suðurgarð í Reykjavíkurhöfn,

II. sama dag stolið tösku, sem hafði að geyma tékka, samtals að verðmæti 271.172 kr., úr vöruflutningabifreiðinni NV-801 á baklóð hússins nr. 116 við Laugaveg,

III. aðfaranótt laugardagsins 6. ágúst stolið 4,5 lítrum af áfengi, myndavél og myndbandsupptökuvél í íbúð hússins nr. 11 við Strandasel.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt B-kafla ákæru varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

*Málavextir.**A. Líkamsárás.*

Aðfaranótt þriðjudagsins 14. júní sl. var lögregla kvödd í Þingholtsstræti 8 a, vegna þess að maður hafði verið særður á hálsi í kjallaraíbúð. Reyndist það vera Bjarni Sigurðsson, kt. 180661-212. Var hann staddur utan dyra, þegar lögreglumenn bar að, og reyndist með sár á hálsi. Hjá honum var Heiðar Guðmundsson, sbr. hér á eftir, og kvað hann ákærða hafa veitt nafna sínum áverkann með stút, sem hann hefði brotið af bjórflösku. Þá var þarna húsráðandinn, Ingveldur Lára Karlsdóttir, ölvuð mjög. Kjallaraíbúð þessi var nærri auð, en þó voru þar sófi og stóll. Á gólfi voru glerbrot og tómar áfengisflöskur. Lögreglumenn lögðu hald á flöskustút og vasahníf. Ákærði var handtekinn síðar um nóttina og settur í fangageymslu.

Á slysadeild Borgarspítalans var gert að áverka Bjarna Sigurðssonar. Í vottorði Vilhjálms Ara Arasonar læknis segir, að á miðjum hálsi hans vinstra megin hafi verið 4 - 5 cm u-laga skurður rétt aftan við „sternokleidomastoideus“-vöðva. Skurðurinn hafi verið nokkuð djúpur og skorist í „fasciu“ og niður í vöðvann. Töluvert hafi blætt, en ekki verið um að ræða slagblæðingu og eðlilegir púlsar í „carotes“-slagæð sömum megin. Læknirinn hefur komið fyrir dóm. Hann kveður áverkann á Bjarna Sigurðssyni hafa verið nálægt aðalslagæð og aðalbláæð. Æðar þessar liggja undir framkantinum á vöðvanum, sem skarst í, og séu því nokkra cm til hliðar við sárið. Hefðu æðar þessar farið í sundur eða önnur hvor þeirra, hefði mátt búast við, að manninum blæddi út á stuttum tíma. Stunguáverki þessi hefði hins vegar ekki einn og sér getað valdið dauða.

Hjónin Nanna Dröfn Sigurdórsdóttir og Einar Þorvaldsson búa á hæðinni fyrir ofan kjallaraíbúðina í Þingholtsstræti 8 a. Hafa þau gefið efnislega samhljóða og öruggar skýrslur fyrir dómi. Á þessum tíma var óeinangrað á milli og því hljóðbært. Að sögn þeirra var mikil óregla búin að vera þarna síðustu dagana á undan. Segjast þau hafa heyrt tvær eða þrjár karlmannaraddir og eina kvenmannsrödd. Hafi verið rifist, ruglað og rausað, þar til átökin hófust, en þau hafi staðið stutt. Karlmannsrödd hafi hrópað: „Hann er með hníf!“ og þá heyrst atgangur, eins og verið væri að afvopna einhvern. Skömmu síðar hafi heyrst brothljóð eins og í flösku og einhver kallað: „Ertu brjáláður, maður?“ og hafi átök fylgt á eftir. Einhverjir hafi svo virst hlaupa út, en konan virtist verða eftir og líklega einhver karlmaður.

Ákærði segir, að búið hafi verið að vísa Bjarna Sigurðssyni út. Hann hafi hins vegar viljað inn aftur og barið allt húsið utan, og var þá opnað fyrir honum. Hafi átökin byrjað fljótlega, eftir að hann kom inn. Kveður hann Bjarna Sigurðsson hafa verið búinn að slá sig í höfuð, og hafi hann þá veitt

Bjarna Sigurðssyni áverka á hálsi með glerflösku. Er hann ekki viss um, hvort hann hafi stungið Bjarna með flöskubrotinu eða slegið til hans með því. Kveðst hann hafa gert þetta í sjálfsvörn. Hann muni ekki, hvort hann hafi brotið flöskuna í því skyni að verða sér úti um vopn, enda hafi hann bæði verið „dópaður“ og ölvaður.

Bjarni Sigurðsson hefur skýrt frá því, að hann hafi verið staddur í kjallaranum hjá Ingveldi Láru ásamt ákærða, húsráðandanum og tveimur öðrum mönnum. Hann kveðst hafa verið ölvaður og e. t. v. „dópaður“ líka og muni atvikin ekki glögg. Kastast hafi í kekki með þeim ákærða, og hafi hann ráðist að ákærða í reiði í upphafi og slegið til hans. Minnir hann, að ákærði hafi borið fyrir sig aðra höndina, en er ekki viss, hvort honum tókst að bera af sér höggið eða hvort það kom á hann. Hafi svo orðið stimpingar með þeim. Hafi átökin endað með því, að ákærði muni hafa slegið til sín með flöskubroti, svo að hann skarst á hálsi. Hann sá ekki, hvernig þetta gerðist, og fann ekki heldur fyrir því, þegar glerið kom í háls sér. Hafi hann ekki orðið var við, hvort ákærði lagði til sín.

Vitnið Kristján Sveinbjörnsson, sem er vel kunnugur ákærða, var staddur í kjallaranum, þegar átökin urðu með þeim nöfnum. Hann kveðst þó muna gloppótt eftir atburðinum. Hafi hann verið við drykkju ásamt ákærða og fleirum heima hjá sér á Baldursgötu 7. Hafi ákærði beðið sig að koma með sér í nálægt hús, þar sem maður væri að ráðast á stúlku. Hafi þetta verið í kjallaraíbúð við Þingholtsstræti. Þeir ákærði hafi farið þangað. Hafi ákærði opnað fyrir þeim með lykli, en þarna inni hafi verið stúlka og maður. Vitnið kveður stúlkuna hafa verið nakta og manninn eitthvað fáklæddan. Hafi maðurinn klætt sig og farið út, en komið svo á gluggann og kastað inn grjóti. Hann hafi svo komið inn og þeir ákærði farið að slást. Hafi þeir báðir átt jafna sök á átökunum, en þau muni hafa snúist um stúlkuna. Hann man, að ákærði var með tóma bjórflösku, sem hann braut stútin af og otaði að hinum manninum. Eitthvað rámar hann í, að ákærði hafi skorið manninn, en man ekki hvar. Segir hann Bjarna Sigurðsson einnig hafa verið með flöskustút í hendi.

Heiðar Þór Guðmundsson kveður ákærða hafa komið á Baldursgötu 7 og boðið þeim Kristjáni í „partí“ niður í Þingholtsstræti. Þar hafi þá verið fyrir Bjarni Sigurðsson og kona. Þeir fjórir karlmennirnir hafi svo farið út frá konunni, en snúið við og farið til hennar aftur nema Bjarni Sigurðsson. Hafi hann þó komið aftur nokkru seinna og haldið á múrsteini og gert sig líklegan til að brjóta rúðu með honum og hótad að meiða Kristján líka með steininum. Þeir hafi þó getað róad hann og farið inn á eftir ákærða. Hafi Bjarni Sigurðsson rokið í nafna sinn, strax eftir að hann kom inn í íbúðina,

haft hann undir og gert sig líklegan til að lumbra á honum. Kveðst vitnið þá hafa tekið í hnakkadrambið á honum og dregið hann ofan af ákærða. Vitnið kveður ákærða hafa slæmt hendinni til Bjarna Sigurðssonar, en ekki kveðst hann muna að hafa séð hann með neitt í hendinni eða hvort hann var með krepptan hnefa, þegar hann gerði þetta. Aftur á móti kveðst hann hafa séð það, að maðurinn var með skurð á hálsi eftir átökin. Hafi hann þá séð, að ákærði var með stút af bjórflösku í hendi. Allt hafi þetta gengið hratt.

Sannað er með framburði ákærða og vitna, að ákærði stakk Bjarna Sigurðsson með brotnum flöskustút í hálsinn og olli honum þeim áverka, sem lýst er hér að framan. Verður og að telja sannað, að ákærði braut flöskuna til þess að gera sér vopn úr henni. Aftur á móti liggur fyrir, að þetta gerðist í átökum, sem Bjarni Sigurðsson var upphafsmaður að og eftir að hann sló ákærða högg. Frásögn Kristjáns Sveinbjörnssonar um, að Bjarni Sigurðsson hafi verið með flöskustút, styðst hins vegar ekki við neitt í málinu, og ber að hafna henni. Atлага ákærða var lífshættuleg, og mátti litlu muna, að hún yrði Bjarna að fjörtjóni. Hefur ákærði orðið brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

B. Þjófnaður.

I. Ákærði kannast við að hafa farið um borð í vélbátinn Snarfara og tekið úr honum þá muni, sem nefndir eru í ákæru. Hann hefur borið því við, að hann hafi ekki fengið gerð upp laun, sem hann hafi átt inni hjá útgerð bátsins, og því tekið hlutina í pant. Útgerðarmaðurinn, Helgi Þór Jónsson, hefur komið fyrir dóminn og sagt, að ákærði hafi verið búinn að fá allan hlut sinn greiddan. Hefur honum verið gefinn kostur á því að leggja fram gögn um þetta, en hann ekki gert það. Verður því að leggja framburð ákærða til grundvallar og sýkna hann af þjófnaðinum, en gertæki sætir ekki opinberri málsókn.

II. Ákærði hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er saksóttur fyrir í II. lið kaflans. Hefur hann orðið sekur um brot það, sem greinir í ákæru og réttilega er þar fært til refsíákvæðis.

III. Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið inn í íbúð Magnúsar Einarssonar í Strandaseli 11 og tekið þar þau verðmæti, sem greinir í ákæru. Segir hann Magnús hafa fengið sér lykla að íbúðinni, sent sig þangað úr „partí“, þar sem þeir voru saman, til þess að sækja áfengi, og hafi hann gert það. Hann kveðst hins vegar hafa tekið þar myndavél og eitthvert slíkt „drasl“ í „bríarí“ og ætlað sér að skila því daginn eftir, og hafi þetta komist til skila.

Magnús Einarsson hefur hins vegar neitað því, að hann hafi sent ákærða eftir áfengi heim til sín. Þeir ákærði hafi verið saman í samkvæmi ásamt

einhverjum fleirum. Kveðst hann ekki hafa þekkt fólkið í samkvæminu. Kveðst hann svo hafa séð, að eitthvað af samkvæmisfólkinu var komið með veski hans í hendur, en hann náð veskinu af því. Lyklar sínir hafi einnig horfið í þessu samkvæmi, og hafi hann ekki komist inn, þegar hann fór heim til sín um fimmleytið um morguninn. Vitnið kveðst svo hafa orðið þess áskynja daginn eftir, að búið var að taka verðmæti úr íbúð sinni. Kveðst hann ekki minnst þess, að neitt hafi komið til tals, að til væri áfengi heima hjá sér, en tekur fram, að hann hafi verið drukkinn. Hann kveðst þó geta fullyrt, að hann hafi ekki gefið ákærða leyfi til þess að fara heim til hans eftir áfenginu, enda hefði það aldrei komið til greina af sinni hálfu.

Sú skýring ákærða, að Magnús hafi beðið sig að sækja áfengið heim til hans, er ósennileg og auk þess í ósamræmi við eindregna frásögn Magnúsar. Ber að hafna henni og sakfella ákærða fyrir þjófnað á áfenginu, myndavél og myndbandstökuvél og að hafa þannig brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing og sakarkostnaður.

Ákærði á að baki mikinn sakaferil. Hefur hann verið dæmdur 32 sinnum frá árinu 1975, aðallega fyrir ýmis hegningarlagabrot, þar af fimm sinnum fyrir ofbeldisbrot. Er samanlögð fangelsisrefsing hans með þessum dómum orðin ríflega tíu ár. Þá hefur hann verið sektaður tólf sinnum, mest fyrir ölvun. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur.